

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir rafveituna á Akranesi, nr. 89 21. sept. 1926, og breyting á þeirri gjaldskrá, nr. 208 16. nóv. 1943.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

**um breyting á hafnarreglugerð fyrir Bolungarvíkurkaupþún,
nr. 96 2. júlí 1941.**

61

15. apríl

1. gr.

17. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Hvert skip, sem leggst við festar innan takmarkalínu hafnarinnar, skal í hvert sinn, eða í eitt skipti fyrir öll á ári hverju greiða bryggjugjald, sem hér segir:

Árabátar (stórir og smáir) kr. 1.00 eða kr. 6.00 á ári.

Vélbátar undir 5 brúttósmálestum kr. 8.00 eða kr. 40.00 á ári.

Vélbátar 5—12 brúttósmálestir kr. 12.00 eða kr. 60.00 á ári.

Vélbátar 12—30 brúttósmálestir kr. 16.00 eða kr. 80.00 á ári.

Skip 30—120 brúttósmálestir kr. 0.60 af hverri nettósmálest eða kr. 4.00 af nettósmálest á ári.

Skip 120 brúttósmálestir og þar yfir kr. 0.30 af hverri nettósmálest eða kr. 2.00 af nettólest á ári. Brot úr smálest reiknast sem heil. Gjaldið greiðist fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, er skipið liggur á höfninni. Þó skal það teljast ein viðkoma meðan skip, með hæfilegum hraða, eru fermd eða affermd, þó lengri tíma taki en sólarhring. Varðskip eru undanþegin hafnargjaldi. Enn fremur getur hafnarstjóri veitt skipi undanþágu frá hafnargjaldi, sem leggst á höfnina aðeins til þess að taka heimilisfasta Bolvíkinga eða skila þeim í land, enda hafi það þá ekki viðdvöl og hvorki skili öðrum flutningi né taki.

2. gr.

19. gr. orðist svo:

Af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru úr skipi eða í innan hafnarinnar, svo og af afla þeirra báta, er gerðir eru út frá Bolungarvík, skal greiða vörugjald samkvæmt gjaldskrá þeirri, er hér fer á eftir:

1. fl. Afli hvers konar (þorskur, ýsa, lúða, koli, steinbitur, síld og smokkfiskur), 40 aura hver 100 kg.

2. fl. Skelfiskur, alls konar, 40 aura hvert mál.

3. fl. Frosinn fiskur, beitusíld, smokkfiskur, saltfiskur, harðfiskur, fiskimjöl, gærun, skinn, ull, íslenzkar þrjónavörur, kornvörur, sykur, 80 aura hver 100 kg.

4. fl. Kol, salt, sement, steinrör, steyptir steinar og þess konar, hey, mór, hörð fiskbein, olía á tank, 40 aura hver 100 kg.

5. fl. Olía á fötum, benzín, tjara, lýsi, kjöt, síld, gota, grænsápa, fernis, lýsis-kvoða og aðrar vörur, sem fluttar eru í tunnum og ekki falla undir aðra flokka, kr. 1.00 hver tunna og kr. 1.50 hvert fat.

- 61 6. fl. Tómar tunnur og föt, 25 aura hver tunna og 50 aurar hvert fat.
 15. apríl 7. fl. Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli, 10 aura hvert teningsfet.
 8. fl. Nautgripir og hestar, kr. 5.00 fyrir hvern grip.
 9. fl. Kindur, geitur og loðdýr, kr. 1.00 hvert.
 10. fl. Allar aðrar vörur 10—50 kg með umbúðum, 80 aura hvert stk.
 11. fl. Vörur yfir 50 kg með umbúðum, kr. 1.50 hver 100 kg.
 12. fl. Aðkomuskip, er selja afla sinn til Bolungarvíkur eða leggja hann þar á land til verkunar, skulu greiða:
 a. Af fiski alls konar, þar með síld, koli og smokkfiskur, 40 aura hver 100 kg.
 b. Af skelfiski, 40 aura af hverju máli.

3. gr.

3. málsliður 3. málsgreinar 20. gr. orðist svo:

Brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil, þó skal aðeins greiða hálf gald af því, sem ekki nær 10 kg þunga, og lægst vörugjald skal vera 40 aurar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 84 26. maí 1944, um breyting á hafnarreglugerðinni fyrir Bolungarvíkurkaupþún.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

62

15. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 25 11. febr. 1948, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Aftan við 10. tölulið 5. gr. reglugerðarinnar koma þrjár nýir töluliðir, svo hljóðandi:

- | | |
|---|----------|
| 11. Ufsi, eigi undir 12", I. fl. incl. 30% II. fl. pr. kg. fob. | kr. 1.55 |
| 12. Ufsi, eigi undir 12", II. fl., það sem fram yfir er 30% sem um getur í 11. tölulið pr. kg fob. | — 1.30 |
| 13. Ufsi, eigi undir 12", III. fl. pr. kg. fob. | — 1.10 |

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 128/1947 til að öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. apríl 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.